Tóbakspontu Ragnhildar Ísleifsdóttur húsfreyju
á Vestri-Loftsstöðum 1892-1944. Hún var frá
Rauðabergi í Fljótshverfi. Gift Jóni Jónssyni frá
Loftsstöðum. Ragnhildur var mikill skörungur
húsmóðir á stóru heimili sem var þá í þjóðbraut
og bjó við mikla gestnauð eins og sagt var.
Sex barnamóðir og ól upp nokkur börn að auki
Ragnhildur stundaði lækningar notaði grös.
Þótti sérlega lagin við að fást við beinbrot.
Sögð saga af því að til hennar var fluttur
maður sem var beinbrotinn. Hún batt um brotið
og maðurinn dvaldi hjá henni í 2 mánuði
Hún gaf beinbrotnu fólki mikið af þráðri mjólk
(hitaðri soðinni) Sagði að það flýtti fyrir að
beinbrot greru. Hún tók mikið í nefið.
var sjaldgæft um konur á hennar tíð.
Pontuna erfði dóttur dóttir hennar Rannveig
Hrund Bernharðsdóttir og Sigríðar Jónsdóttur f. 39
Hún mundi eftir því að amma kom í heimsókn
að Selfossi í síðu svörtu pilsi með djúpum
vasa. Þar tók hún upp pontuna og fékk sér í nefið
Báðum að hún færi hér á safnið.